

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 363/2004**2007/EES/26/37**

frá 25. febrúar 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 68/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins gagnvart tilteknum flokkum altækra ríkisaðstoðar ⁽¹⁾, einkum iv-lið a-liðar 1. mgr. 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 ⁽³⁾ er kveðið á um sérstök skilyrði að því er varðar aðstoð sem veita á til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í reglugerð (EB) nr. 68/2001 eru litil og meðalstór fyrirtæki skilgreind á sama hátt og í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum ⁽⁴⁾. Í stað þeirra tilmæla eru komin tilmæli 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum ⁽⁵⁾ sem öðlast gildi 1. janúar 2005. Með tilliti til réttaröryggis skal skilgreiningin sem notuð er í reglugerð (EB) nr. 68/2001 vera sú sama og notuð er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja ⁽⁶⁾.
- 2) Reynslan sýnir að æskilegt er að hafa sameinað og einfaldað kerfi fyrir tilkynningu ársskýrsla sem samþykkt er skv. 27. gr. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans ⁽⁷⁾. Rétt er að þau sértæku ákvæði um skýrslugjöf, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 68/2001, gildi eingöngu þar til slíkt almennt skýrslugjafakerfi hefur verið samþykkt.
- 3) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ákvæði til að meta hvort aðstoð til menntunar, sem veitt var án fyrirframheimildar framkvæmdastjórnarinnar, áður en reglugerð (EB) nr. 68/2001 öðlaðist gildi, samrýmist sameiginlega markaðinum.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 68/2001 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 68/2001 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

*„I. gr.***Gildissvið**

Þessi reglugerð gildir um aðstoð til menntunar í öllum starfsgreinum, þ.m.t. starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu varanna sem eru taldar upp í I. viðauka við sáttmálann, þó ekki aðstoð sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1407/2002 (*).

(*) Stjtið. EB L 205, 2.8.2002, bls. 1.“

2. Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 2. gr.:

„b) „lítill og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 (*),

c) „stór fyrirtæki“: fyrirtæki sem falla ekki undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum,

(*) Stjtið. EB L 10, 13.1.2002, bls. 33.“

3. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 7. gr.:

„3. Aðildarríkin skulu taka saman ársskýrslu um beitingu þessarar reglugerðar í samræmi við framkvæmdarákvæðin um form og efni ársskýrsla sem mælt er fyrir um skv. 27. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 (*).

Þar til slíkt ákvæði öðlast gildi skulu aðildarríkin taka saman ársskýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár, sem þessi reglugerð gildir eða hluta almanaksárs, á því formi, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, og einnig á tölvutæku formi. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té slíka skýrslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tímabilinu, sem fjallað er um í skýrslunni, lýkur.

(*) Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 63, 28.2.2004, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2004, 24. september 2004 um breytingu á XV. viðauka (Statsstötte) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 49.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 190, 12.8.2003, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

4. Eftirfarandi 7. gr. a bætist við:

„7. gr. a

Bráðabirgðaákvæði

Aðstoðarkerfi, sem er hrundið í framkvæmd áður en reglugerð þessi öðlast gildi, og aðstoð veitt samkvæmt þessum kerfum án heimildar framkvæmdastjórnarinnar og í bága við tilkynningarskylduna, sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, skulu vera samrýmanleg sameiginlega markaðinum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og njóta undanþágu ef þau uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 3. gr.

Stök aðstoð utan allra kerfa, sem veitt er áður en þessi reglugerð öðlast gildi án heimildar framkvæmdastjórnarinnar og í bága við tilkynningarskylduna, sem

um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, skal teljast samrýmanleg sameiginlega markaðinum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og njóta undanþágu ef hún uppfyllir öll skilyrði þessarar reglugerðar, að undanskilinni þeirri kröfu 1. mgr. 3. gr. að visað skuli með skýrum hætti í þessa reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal meta alla aðstoð, sem uppfyllir ekki þessi skilyrði, í samræmi við viðkomandi ramma, viðmiðunarreglur, orðsendingar og tilkynningar.“

5. I. viðauki falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.